



Moldun

Nú legg ég augun aftur / Ég fel í forsjá þína

P.C. Krossing / Sveinbjörn Egilsson / Matthías Jochumsson

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Blessun

Eftirspil

Kallið er komið

Þjóðlag frá Schlesíu / Valdimar Briem

*Jarðsett verður í Akranes Kirkjugarði
Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða
viðstöddum til samveru í Vinaminni að athöfn lokinni.*

<i>Prestur:</i>	Sr. Benedikt Sigurðsson
<i>Tónlist:</i>	Guðrún Árný Karlsdóttir
<i>Umsjón útfarar:</i>	Borg útfararþjónusta
<i>Graflið:</i>	Leturstofan



Dagrún Dagbjartsdóttir
f. 13. júlí 1955 – d. 23. febrúar 2026



Útför frá Akranes Kirkju 6. mars 2026

Forspil

Close to you

Burt Bacharach / Hal David

Bæn

Mitt Faðirvor

Daníel Þorsteinsson / Kristján frá Djúpalæk

Ef öndvert allt þér gengur og undan halla fer skal sókn í huga hafin og hún mun bjarga þér. Við getum eigin ævi í óskafarveg leitt og vaxið hverjum vanda sé vilja beitt.	Því rækta rósir vona í reit þíns hjarta skalt og búast við því besta þó blási kalt Þó örlög öllum væru á ókunn bókfell skráð. Það næst úr nornahöndum sem nógu heitt er þráð.
--	--

Hvar einn leit naktar auðnir sér annar blómaskrúð það verður sem þú væntir það vex sem að er hlúð.	Ég endurtek í anda þrjú orð við hvert mitt spor, fegurð, gleði, friður, mitt Faðirvor.
---	---

Ritningarlestur

Umvafin englum

Sara McLachlan / Valgeir Skagfjörð

Það má svo sem vera að vonin ein hálf veikburða sofin í dá. Finnst vera eitthvað sem þyngir mér en svo erfitt í fjarlægð að sjá. Það gilda má einu hvort ég áleiðis fer eða staldra hér ögn við og bíð. Þótt tómíð og treginn mig teymi út á veginn ég veit ég hef alla tíð...	Svo endalaus ótti við allt sem er og alls staðar óvini að sjá. Veðrin svo válinð og víðáttan grimmi, ég vil fría mig skelfingu frá. Í tíma og rúmi töfraorðin mín og tilbrigðin hljóma svo blíð. Líst ekki að ljúga mig langar að trúa að ég hafi alla tíð...
---	--

verið umvafin englum sem að vaka hjá meðan mannshjörtun hrærast þá er huggun þar að fá. Þó að vitskert sé veröld þá um veginn geng ég bein því ég er umvafin englum aldrei ein – aldrei ein.	verið umvafin englum sem að vaka hjá meðan mannshjörtun hrærast þá er huggun þar að fá. Þó að vitskert sé veröld þá um veginn geng ég bein því ég er umvafin englum aldrei ein – aldrei ein.
---	---

Ritningarlestur

Heyr mína bæn

Mario Panzeri / Ólafur Gaukur Þórhallsson

Heyr mína bæn, mildasti blær. Berðu kveðju mína’ yfir höf. Syngdu honum saknaðarljóð. Vanga hans blítt vermir þú sól vörum mjúkum, kysstu hans brá. Ástarorð hvísla mér frá.	Heyr mína bæn, bára við strönd. Blítt þú vaggar honum við barm, þar til svefninn sígur á brá. Draumheimi í dveljum við þá daga langa saman tvö ein. Heyr mína bænir og þrár.
---	---

Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðaval flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.	Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðaval flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.
--	--

Heyr mína bæn, bára við strönd.
Blítt þú vaggar honum við barm,
þar til svefninn sígur á brá.
Draumheimi í dveljum við þá
daga langa saman tvö ein.
Heyr mínar bænir og þrár.

Gudsþjall

Drottinn er minn hirðir

Margrét Scheving / 23. Davíðssálmur

Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum,
þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt því þú ert hjá mér.

Sproti þinn og stafur huggar mig.
Þú býrð mér borð
frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér
alla ævidaga mína,
og í húsi drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.

Minningarorð

Mamma

Friðrik Ómar Hjörleifsson / Ingibjörg Gunnarsdóttir

Mamma, þú ert hetjan mín. Þú fegrar og þú fræðir, þú gefur mér og græðir. Er finn ég þessa ást þá þurrkarðu tárin sem mega ekki sjást. Mamma ég sakna þín.	Ég finn þig hjá mér hvar sem er allstaðar og hvergi, þú ert hér. Þú mér brosir í mót ég finn þín blíðuhót.
--	---

Mamma, þú ert hetjan mín. Þú elskar og þú nærir, þú kyssir mig og klæðir. Er brotinn ég er, þú gerir allt gott. Með brosi þú sársauka fælir á brott. Mamma ég sakna þín.	Þú vakir líka er ég sef, að nóttu og degi þig ég hef. Þú berð ætíð höfuð hátt. Þú veist svo margt en segir fátt.
---	---

Gleður mig með koss á kinn
og mér finnst ég finna faðminn þinn
og englar strjúki vanga minn.

Bæn og Fadir vor

Líttu sérhvertt sólarlag

Bragi Valdimar Skúlason

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur alltof fljótt.
En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvertt sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
því fegurðin í henni býr.